

### **Fundargerð Rótarýklúbbs Mosfellssveitar 3. júní 2008.**

Fundur var haldinn í Rótarýklúbbi Mosfellssveitar 3. júní árið 2008 í Hlégarði. Fundurinn var sá 44. á starfsárinu og 1353 frá stofnun klúbbsins.

Forseti setti fundinn og bauð félaga og gesti velkomna.

Gestir fundarins voru Vilhjálmur Bjarnason, Sigurjón Bjarnason og Gyða Vigfúsdóttir

Fundir júnímánaðar eru á vegum alþjóðanefndar og er formaður hennar Knútur Óskarsson.

Afmæli frá síðasta fundi hefur Davíð Atli Oddsson átt en hann varð sextugur 27. maí sl. og fékk hann gott klapp.

Fundargerð síðasta fundar var lesin og samþykkt.

Mæting kvöldsins reyndist 64%.

Forseti flutti kveðju frá Ragnari Sigbjörnssyni sem er að jafna sig eftir aðgerð.

Forseti greindi einnig frá að stjórnarskiptafundur verður í Hótel Glym kl 19 28. júní nk.

Jörundur og Hilmar munu verða viðstaddir skólaslit í Lágafelsskóla og afhenda viðurkenningu fyrir hæfni í samskiptum frá Klúbbum.

Forseti dreifði einnig bréfi með tillögu að félagsaðild í klúbbum

Erindi kvöldsins hélt Vilhjálmur Bjarnason. Stór skemmtilegt og fróðlegt erindi um réttindi hluthafa og hvernig kaupréttarsamningar hafa verið gerðir héraendis og erlendis.

Margar spurningar vöknudu að loknu erindinu.

Forseti sleit fundi á hefðbundinn hátt kl 20.30

Fundarritari Ásta Björg Björnsdóttir